Myndir sýna einfaldað byggðarmynstur á nokkrum reitum. Skýringarmyndirnar sýna grunnflöt bygginga, umferðargötur og innganga. Nýtingarhlutfall er hæst 1,45 við Laugveg og lægst 0,27 í Hólabergi. Flestar íbúðir á hektara eru 89 við Lindargötu og fæstar 18 við Hólaberg.

Háaleiti



0,32 Nýtingarhl.*
21 Íbúðir á ha*
Álftamýri
*m.v. reit 74

Breiðholt



0,36 Nýtingarhl.*
26 Íbúðir á ha*
Vesturberg
*m.v. reit 116

Skeifan



0,52 Nýtingarhl.*
0 Íbúðir á ha*
Faxafen
*m.v. reit 79

■ Byggingar ▲ Inngangur
Umferðargata ■ Skuggavarp

Betri borgarbragur



1,11 Nýtingarhl.*
89 Íbúðir á ha*
Lindargata *m.v. reit 33



0.39 Nýtingarhl.*
20 Íbúðir á ha*
Sjafnargata *m.v. reit 37





X Nýtingarhl.*
X Íbúðir á ha*
Leifsgata *m.v. reit 38



0,69 Nýtingarhl.*
0 Íbúðir á ha*
Ármúli *m.v. reit 76/77





0,32 Nýtingarhl.*
21 Íbúðir á ha*
Safamýri *m.v. reit 74



0,32 Nýtingarhl.*
21 Íbúðir á ha*
Háaleitisbraut *m.v. reit 73/74



0,56 Nýtingarhl.*
44 Íbúðir á ha*
Vesturhólar *m.v. reit 115



0,27 Nýtingarhl.*
18 Íbúðir á ha*
Hólaberg *m.v. reit 119



0,36 Nýtingarhl.*
32 Íbúðir á ha*
Norðurfell *m.v. reit 121



0,43 Nýtingarhl.*
0 Íbúðir á ha*
Skeifan *m.v. reit 79



0,43 Nýtingarhl.*
0 Íbúðir á ha*
Skeifan *m.v. reit 79

Betri borgarbragur

Viðauki

Gæðavísar

Gönguferð / gæðavísar

Kynning

Ákveðið var að fara í gönguferð með meðlimum BBB um Háaleitishverfið til að leggja mat á huglæga upplifun og prufukeyra gæðavísa frá CABE (Commission for Architecture and the Built Environment.)

Þáttakendur úr hópi BBB fóru í gönguferð um Háaleitið skrifuðu niður upplifun og mat á mismunandi stöðum innan hverfisins. Gönguleiðin var ekki ákveðin fyrirfram en reynt var að fara um sem stærstan hluta hverfisins og á milli ólíkra svæða innan greiningarreits. Stopp voru tekin á nokkrum stöðum á leiðinni og vangaveltur um þá skráðar niður.

Mat á greiningarreit var í tveimur hlutum, annars vegar voru einstök svæði innan hverfisins tekin til greiningar og hins vegar hverfið sem heild út frá spurningalistum CABE.

Upplifunar-/gæðaskali úr bókinni ***Sansernes Hospital*** var notaður til viðmiðunar við einkunnagjöf/mat. Samkvæmt honum er rýmum skipt niður í fimm rýmisflokka, í háleit, þægileg, óáhugaverð/hlutlaus, óþægileg og heilsuspillandi/hættuleg rými. Einkunnagjöf var samkvæmt þessu á skalanum frá eitt til fimm, auk þess sem umsögn fylgdi hverju mati til útskýringar. Taka þurfti flokkunarkerfinu með fyrirvara því það miðast við um rými innandyra en hægt er að yfirfæra að hluta til huglægt mat rýmis og rýmislýsinga yfir á rými utanhúss.

Þáttakendur gönguferðarinnar sendu svo inn umsagnir og einkunnagjöf til úrvinnslu.

Flokkunarkerfi

Tegund rýmis	Þættir	Almenn lýsing	Samantekt
1. Háleitt rými	Huglæg mynd	Ljóst og stórt rými með góðri lýsingu. Gefur notalega og þægilega tilfinningu.	Háleita rýmið framkallar jákvæða mynd. Rýmið er fallegt, veitir örugga tilfinningu og er hátíðlegt
	Upplifun	Hátíðlegt, andríkt, glæsilegt og fallegt rými.	
	Mat	Maður týnist í stærð rýmisins.	
2. Þægilegt rými	Huglæg mynd	Röð og regla, góð rýmismyndun og upplifgandi umhverfi.	Rýmið hefur jákvæð áhrif á þá starfsemi sem fer fram í því, það er upplifgandi og bjóðandi.
	Upplifun	Þægilegt og öruggt rými.	
	Mat	Upplifgandi og bjóðandi rými.	
3. Óáhugavert/ hlutlaust rými	Huglæg mynd	Hvorki fallegt, ljótt né fráhrindandi, óáhugavert.	Hlutlaus rými mynda tómleika og leiðinda tilfinningu. Skortur er á séreinkennum og litaval er óspennandi. Rýmið er óáhugavert og lítið að gerast í umhverfinu til að mynda skoðun á.
	Upplifun	Ókunnugt rými.	
	Mat	Óáhugavert og hlutlaust rými.	
4. Óþægilegt rými	Huglæg mynd	Erfitt að ná áttum vegna lélegrar rýmismyndunar, sem er óúthugsuð. Hvorki líkami né hugur nær að hvílast.	Rýmið hefur neikvæð áhrif á upplifun, það er ótryggt og framandi. Það hefur óþægilega og ógnandi tilfinningu.
	Upplifun	Óöruggt rými.	
	Mat	Ruglingsleg og óþægileg rýmisupplifun.	
5. Heilsuspillandi/ hættuleg rými	Huglæg mynd	Dimmt, sóðalegt og ruglingslegt rými. Loftið einkennist af reyk og slæmri lykt.	Heilsuskaðleg rými eru t.d. með of rakt eða of þurrt loft. Óþægilegt hitastig og slæm lykt sem hefur áhrif á líkamleg þægindi og heilsu.
	Upplifun	Fráhrindandi og óhugglegt rými.	
	Mat	Heilsuspillandi rými valda ógleði og lystarleysi.	

Sansernes Hospital. (2007) Ritstjóri Lars Heslet og Kim Dirckinck-Holmfeld. Danmörk, Arkitektens Forlag. Bls. 263.

Lýsing á korti

Rauða línan sýnir gönguleiðina sem var farin. Númerin merkja þau stopp sem tekin voru á leiðinni þar sem myndir voru teknar og hugleiðingar og almenn upplifun á staðnum var skrásett. Lituðu svæðin tákna aðliggjandi greiningarsvæði við hvert stopp. Gengið var frá Miðbæ, verslunarkjarna, merkt nr. 1, gegnum Safamýri, Álftamýri, Ármúla, Síðumúla að punkti 12 við Fellsmúla. Umhverfi og göturými við Háaleitisbraut og Suðurlandsbraut voru einnig tekin með til greiningar en þátttakendur fóru um þau svæði á eigin vegum þegar tími gafst til.

Stopp og aðliggjandi greiningarsvæði

1. Göngustígur milli Safamýri og Háaleiti
2. Lítil fjölbýli við Safamýri
3. Göturými við Safamýri
4. Umhverfi við Álftamýrarskóla
5. Göturými og umhverfi við Álftamýri
6. Verslunar- og þjónustukjarni á horninu við Starmýri/ Álftamýri
7. Raðhús við Álftamýri
8. Umhverfi og göturými við Lágmúla
9. Umhverfi og göturými við Ármúla
10. Grænt svæði sunnan við Fjölbrautaskólann í Ármúla
11. Göngustígur milli Síðumúla og Háaleitisbrautar
12. Umhverfi og göturými við Fellsmúla
13. Umhverfi og göturými við Háaleitisbraut
14. Umhverfi og göturými við Suðurlandsbraut

Kort af gönguleið, stoppum og aðliggjandi greiningarsvæðum



Gönguleið

Staðir

1. göngustígur milli Safamýri og Háaleitisbrautar



Umsagnir þátttakenda

- Lokað og gott rými. Þægilegt og rólegt andrúmsloft. Mætti afmarka enn betur með byggð. Þyrfti að opna betur í báða enda, til að það væri góður kostur fyrir þá sem eru að labba í gegnum hverfið.
- Óskýr mörk milli almenningsrýmis og einkalóða. Fjölbýlishúsalóðir eru vannýttar - almennt fáir á ferli. Setbekkir meðfram stíg sem telst jákvætt.
- Rólegt yfirbragð, gróðursælt umhverfi við stíginn.
- Stígur er friðsæll, gefur góð tengsl fyrir margar íbúðir og verslunarkjarna. Víðast vel afmarkaður með gróðri. Leiksvæði við enda stígs full opið, þarf "innréttingu". Byggð full gisin. Gott að fá lága kálfa milli fjölbýlishúsalóða og stígs?
- Ágætt útisvæði, umferðarlaus stígur.
- Góður göngustígur og leiksvæði, bakhlið verslunarmiðstöðvar óþægileg.
- Stígurinn (og opna rýmið) á köflum snoturt, en tengingar við umhverfi ómarkvissar.
- Stígur / bilastæði, fólk á rölti, óskýrt rými, öruggt, gróðurbelti.

2. Lítil fjölbýli við Safamýri



Umsagnir þátttakenda

- Í sjálfu sér ok - en galli að hafa gangstétt einungis að austan verðu. Billinn hefur forgang.
- Þægileg götumynd.
- Gott að götur séu stuttar og bognar, sömuleiðis að þær séu botnlangar. Rólegar.
- Tvíbýlishús, gangstétt aðeins öðrum megin við götu.
- Þægileg íbúðagata, skilgreind rými.
- Nothæf rýmismyndun – vantar herslumun á frágang við sameiginleg svæði.
- Sérhæðir, grónir garðar sem móta götuýmin. Götur þægilega sveigðar, en full breiðar. Galli við sérhæðir að aðeins 1. hæð nýtur garðtengsla.
- Botnlangi, bílastæði, ágæt hús, fjölbýli-hæðir, fáar girðingar, „mænistefna", húsin fylgja ekki götustefnu.

3. Göturými við Safamýri



Umsagnir þátttakenda

- Göturými of breitt. Vantar fullt af húsum til að ramma inn götuna. Hér er gott pláss fyrir hjólastíg.
- Leikskóli, rok, gangstétt frá götu, óskýrt rými, börn á leið úr skóla, brú yfir í Kringlu.
- Mikið malbik - ruglingslegt.
- Rými flæðandi og óskilgreint, opið út á Miklubraut, vantar gæði í sameiginleg rými, bílastæðafargan, möguleikar til uppbyggingar.
- Breitt umferðarrými, vannýttar lóðir og skipulagsleysi.
- Safamýri er nú róleg gata, en það hefur kostað margar hraðahindranir. Gatan er hönnuð allt of breið og greið, mikið illa nýtt pláss. Fjölbýlishús sunnan götu hrópa á kálfa meðfram Miklubraut. Þar gætu verið skrifstofur sem kalla á norður birtu.
- Óskilgreint, vítt rými
- Illa afmarkað rými, of stór götukassi vekur óöryggiskennd.

4. Skólalóð Álftamýrarskóla



Umsagnir þátttakenda

- Afar óaðlaðandi skólalóð – óskýrt rými, umferðargnýr (og örugglega svifryk og önnur mengun).
- Ekki uppbyggilegt á neinn hátt.
- Skólalóð grá og óaðlaðandi, svæði opið út á Miklubraut, mikill umferðahávaði.
- Gróðurleysi, tilviljanakent, ljótt umhverfi. Ekki sæmandi að bjóða grunnskólabörnum upp á þetta umhverfi.
- Of mikil steypa, hávaði frá Miklubraut, óspennandi leiksvæði, ekki í samræmi við starfsemina á svæðinu.
- Allt of opið svæði. Vantar gróður. Kuldalegt.
- Malbik, óskýrt rými, hávaði frá Miklubraut.
- Skólalóðin er hörð og kuldaleg nema smá reitur vestan húss. Vantar gróður, rýmismyndun, loka af íþróttasvæði með gróðri. Íþróttasvæði hrópar á lága byggð meðfram Miklubraut og Kringlumýrarbraut. Slíkt myndi draga verulega úr hávaða á svæðinu.

5. Göturými og umhverfi við Álftamýri



Umsagnir þáttakenda

- Umhverfi einsleitt, mikið göturými, opið út á Kringlumýrabraut með tilheyrandi umferðarhávaða, raðhús vönduð og falleg, rakið að byggja smágert meðfram Álftamýri og meðfram Kringlumýrabraut og búa til fallegra göturými.
- Óþétt, hávaði frá Miklubraut, bílar, gangandi á leið í og úr Kringlu.
- Billinn í forgangi - þröngar gangstéttar.
- Illa afmarkað rými, tilgangslaust malbiksflæmi vekur óöryggiskennd.
- Hlutlaust umhverfi, Hús verslunarinnar og Lágmúli 9 loka götunni til endanna.
- Gatan er óþægilega breið, nauðsynlegt að þrengja að henni. Of mikið bil milli blokka, vond útirými. Blokkir kalla á lága kálfa meðfram Kringlumýrarbraut sem opna sig til austurs. Vantar miklu meiri gróður.
- Óskilgreint, opið til endanna, of opið, óspennandi, hávaði frá Miklubraut.
- Of löng gata og vont að hún sé opin í báða enda. Of breitt göturými. Kuldalegt, mætti byggja á öllum blokkarlóðum og loka þannig á kringlumýrarbrautina.

6. Verslunar- og þjónustukjarni á horninu við Starmýri og Álftamýri



Umsagnir þáttakenda

- Engin hverfistenging - fremur kalt og fráhrindandi.
- Æskilegt að styrkja þjónustukjarnann. Virkar steindauður.
- Dapurlegt, lítil starfsemi.
- Óvirkt, óskilgreint.
- Trjágróður bjargar því sem bjargað getur.
- Verslunarkjarni er klúðurslegur.
- Aflagður þjónustukjarni.
- Einbýlishús við verslunarkjarna fín, standa fallega og mynda rólega þyrpingu. Verslunarkjarninn er illa staðsettur, hálf yfirgefinn, vonlaus staðsetning til að rekstur þrífist? Ætti að breyta honum í íbúðir eða taka hann fyrir skólastarfssemi þegar börnum fjölgar í hverfinu vegna nýbygginga?

7. Raðhús við Álftamýri



Umsagnir þáttakenda

- Vönduð hús og ágætar götumyndir, mætti vanda frágang við götu, mikið malbik.
- Skilgreint rými, skjól, rólegt, bílar.
- Rólegir raðhúsabotnlangar, allir garðar til suðurs.
- Býsna gott - lykilatriði að geta labbað í gegnum þessar götur.
- Raðhúsin liggja vel og sum þeirra þokkalega teiknuð. Manneskjulegar stærðir, fínt rými milli húsa sem afmarkast af gróðri. Einhliða mötun frá götu gefur öllum frábæra suður garða. Kjarni norðan þeirra ekki mjög vel staðsettur, leiðinleg aðkoma, bílastæði og norðan garri. Líklega erfitt að reka fyrirtæki þar.
- Fín hús og garðar, í ósamræmi við nærumhverfið
- Nothæf rýmismynd, vantar herslumun á frágang á sameiginlega svæðinu.
- Þægilegt rými milli raðhúsa.

8. Umhverfi og göturými við Lágmúla



Umsagnir þáttakenda

- Húsin við Lágmúla 5-7-9, sterk form, standa vel. Forrými leiðinleg bílastæðaflæmi. Gatan allt of breið og breikkar vegna bílastæða beggja vegna götu. Húsin vestan götu mjög smágerð miðað við hús handan götunnar.
- Bílar, hávaði, óskýrt rými, óöruggt
- Hávaði, mikil umferð, bílastæði, ekki grænn blettur fyrir utan umferðareyjur og brekka til norðurs við bensínstöð.
- Hávaði, mikil umferð, opið, erfitt aðgengi fyrir fótgangandi og hjólandi, bílar og bílastæði í forgangi.
- Illa afmarkað rými, of stór götukassi og bílastæðakraðak vekur óöryggiskennd.
- Bílastæði, bílastæði, bílastæði. Hér þyrfti að færa gönguleiðir frá götu og hafa frekar meðfram húsum.
- Mikið malbik fyrir bíla - lítið malbik fyrir gangandi/hjólandi vegfarendur. Fráhrindandi umhverfi.
- Rými byggðarinnar er óþægilegt. Ægir saman öllum hugsanlegum húsgerðum, hávaði frá götu, bensínstöð bætir ekki umhverfið.

9. Umhverfi og göturými við Ármúla



Umsagnir þátttakenda

- Götumynd nokkuð skýr, of breið gata, illa skilgreind götumynd sunnanmegin við Ármúla, m.a. við Fjölbrautaskólann. Skánar þegar Fjölbrautarskólanum sleppir.
- Hnignun, sprungnar gangstéttir, bílar.
- Mikið malbik fyrir bíla - lítið malbik fyrir gangandi/hjólandi vegfarendur. Fráhrindandi umhverfi. Lítið sem ekkert samhengi í gönguleiðum.
- Vel afmarkað göturými, vond hús og erfitt að ferðast sem gangandi eftir götunni.
- Erfitt aðgengi fyrir fótgangandi og hjólandi, bílar og steypa í forgrunni, mikið rými bak við hús,
- Ömurlegt, illa afmarkað rými, of stór götukassi og bílastæðakraðak vekur óöryggiskennd.
- Allt of breið gata og illa innrömmuð. Óþægilegt rými.
- Gatan er óþægilega breið. Neðan húsa er víða bílastæðaflæmi niður að húsum við Suðurlandsbraut. Hús eru sundurleit í stíl og hæð. Heildaryfirbragð götu er frekar ljótt þó þar séu góð hús innan um.

10. Grænt svæði sunnan við Fjölbrautarskólann í Ármúla



Umsagnir þátttakenda

- Mjög stórt grænt einskins mannsland. Lóðin stór og illa nýtt. Tenging við íbúðabyggð ómarkviss. Mjög áhugavert svæði til uppbyggingar, gæti orðið einskonar miðja hverfis.
- Ekkert að gerast - en kannski ekkert sérstaklega óaðlaðandi.
- Mjög óskýrt rými. Hvað er þetta -Eitthvað sem varð eftir.
- Ónýtt svæði, ílla tengt við nánasta umhverfi. Liggur vel við sólu.
- SLOAP (Space Left Over After Planning)
- Fjölbrautarskólinn liggur vel í landi. Aðkoma er um ljótt, ófrágengið bílaflæmi. Baklóð sár eftir efnistöku klædd undarlegri grasbrekku. Lítt nothæft eins og er, nema sem sleðabrekka. Mikil tækifæri fyrir byggð og/eða útivist.
- Skondið, hávaði, bland í poka, óskilgreint,
- Tilgangslaust einskinsmannsland

11. Göngustígur milli Síðumúla og Háaleitisbrautar



Umsagnir þátttakenda

- Undarlega lagður stígur, tengingar við umhverfi afar ómarkvissar.
- Hér liggur vandinn í jöðrum svæðisins. Frágangur við fjölbýlishúsalóðir er mjög lélegar og flestar baklóðir skrifstofu og þjónustuhúsa við Síðumúla eru til skammar.
- Einskismannsland á milli hverfahluta. Tenging við íbúðabyggð ómarkviss. Áhugavert svæði til uppbyggingar.
- Einskonar náttúra.
- Stígur virðist bara hafa lent þarna, en þar eru víða fín og þægleg gróðurrými. Mun betra rými þar sem eru hús neðan stígs.
- Óspennandi gönguleið, liggur ekkert.
- Furðulegt svæði. Mætti ramma betur af með byggingum í Ármúla og gróðri.
- Tætt umhverfi sitthvorum megin en með gróðri tekst að skapa þægilegan stíg. Vantar tengingar niður í Síðumúla.

12. Fellsmúli



Umsagnir þátttakenda

- Billinn í forgangi.
- Göturými ómarkvisst, órólegt og óþægilegt.
- Gatan er breið og vond. Húsin líða vegna umferðarhávaða frá Miklubraut. Mikilvægt að fá lága byggð meðfram Miklubraut, t.d. skrifstofur sem kalla á norðurglugga. Atvinnuhúsnæði óaðlaðandi og sunduleitt.
- Hávaði, breitt, óskilgreint, kökulykt,
- Illa afmarkað rými, of stór götukassi vekur óöryggiskennd.
- Umferð, ósamhangandi gönguleiðir.
- Hættulegt að vera gangandi vegfarandi. Erfitt að stoppa bíla fyrir utan íbúðarhús.
- Sunnan götu eru nokkrar blokkir sem gætu allt eins verið á umferðareyju, umkringdar af stórum götum á alla kanta. Gatan er mjög illa innrömuð.

13. Göturými og umhverfi við Háaleitisbraut



Umsagnir þátttakenda

- Dæmigerð verkfræðileg nálgun. Óspennandi götumynd.
- Götusnið of breitt. Mikið göturými miðað við umferð. Gata við hliðina á götu. Lóðir illa nýttar. Miklir möguleikar til þróunar.
- Allt of umfangsmikið göturými, girðingar.
- Vítt göturými, stórar umferðareyjar, flókin og óþarflega mikil umferðarmannvirki, tvær samsíða götur.
- Háleitisbrautin er óhóflega breitt göturými, hannað fyrir allt of mikinn hraða og umferð. Tvær götur hlið við hlið, illa skilgreind rými milli húsa sem leka út í götuflæmið. Það myndi hjálpa að hafa eina götu, afleggjara að húsaþyrpingum og fá kálfa meðfram Háleitisbraut.
- Breið gata, ekki í samræmi við hlutverk og starfsemi nærumhverfisins, óskilgreint rými.
- Illa afmarkað rými, of stóri götukassi og bílastæðakraðak vekur óöryggiskennd.
- Breytingar sem hafa verið gerðar eru til hins betra. Nú má bara byggja yfir bílastæðagötuna. Þá væri gatan nokkuð góð

14. Umhverfi og göturými við Suðurlandsbraut



Umsagnir þátttakenda

- Billinn í forgangi. Umferð gangandi vegfarenda miðast við rölt frá bílastæðum að viðkomandi húsi.
- Skýrt byggðarmynstur, bílastæði norðan við húsin setja mark sitt á umhverfi, enda er ekki göngustígur meðfram á stærsta hluta brautarinnar, varla gert ráð fyrir gangandi og hjólandi.
- Mér finnst Suðurlandsbrautin ljót og leiðinleg og byggðin við hana líka. Þetta er ekki faglegt mat og ég mun ekki gefa einkunn. Þar eru hins vegar óþrjótandi tækifæri þegar hún þróast sem þéttbyggð gata meðfram græna ásnum í borginni.
- Erfitt aðgengi hjólandi og gangandi, skuggi, breið umferðagata, óspennandi umhverfi, margir möguleikar.
- Illa afmarkað rými, of stór götukassi og bílastæðakraðak vekur óöryggiskennd.
- Bílastæði, allt miðast við að komið sé á bílum.
- Gönguleiðir sundurslitnar á öllum lóðarmörkum, skuggsælt, allt of opið rými. Kuldalegt rokbæli.

Samantekt á göngu

Upplifun

Þeir staðir sem sem fengu verstu umsögnina voru göturými og umhverfi við Lágmúla og Fellsmúla.

Lágmúlinn fékk ekki góða umsögn m.a. vegna þess að billinn þótti þar vera í algerum forgangi á kostnað gangandi og hjólandi vegfarenda. Það er mikil umferð um svæðið með tilheyrandi hávaða og mengun. Bílastæðakraðak við Múlann vakti einnig óöryggiskennd, auk þess sem göturýmið þótti fráhrindandi, óskýrt og óþægilegt.

Umhverfið við Fellsmúlann þótti vera illa afmarkað, of stórt og breitt. Margskonar starfsemi er við Fellsmúla, vörugeymslur, iðnaðarhúsnæði, skrifstofur og íbúðir sem gerir hana óskilgreinda og sundurleita. Gatan þótti of stór og breið, með mikilli umferð og umferðahávaða frá Miklubraut.

Skólalóð við Álftamýrarskóla fékk einnig lélega umsögn og einkunn, þar sem lóðin þótti grá og óaðalandi, hörð og kuldaleg og alls ekki sæmandi fyrir grunnskólabörn.

Umhverfi og göturými við Lágmúla

Skólalóð Álftamýrarskóla

Umhverfi og göturými við Fellsmúla

Skólalóð Álftamýrarskóla

Þau svæði sem fengu hvað besta umsögn voru smærri íbúðarbyggðirnar í hverfinu, raðhúsin í Álftamýri og smærri fjölbýlin í Safamýri.

Raðhúsin stóðu helst upp úr þar sem að göturýmið þótti skilgreint, þægilegt og vel afmarkað. Húsin virðast vönduð, gatan róleg, skjól og garðar til suðurs. Mikill gróður.

Götumynd við smærri fjölbýli í Safamýri þótti einnig vera þægileg, róleg, með grónum görðum og skilgreint göturými. Galli hinsvegar að göngustígur sé einungis öðrum megin götunnar sem setur bílinn í forgang.

Ekki er þó hægt að bera beint saman þau göturými sem fengu hæstu og lægstu umsagnirnar þar um er að ræða rými að hluta til með ólíka starfsemi.

Fjölbýli við Safamýri

Raðhús við Álftamýri

Fjölbýli við Safamýri

Raðhús við Álftamýri

CABE

Hvað er CABE?

CABE stendur fyrir Commission for Architecture and the Built Environment. CABE var ráðgjafi ríkisins í arkitektúr, skipulagi og hönnun opinbera rýma í Englandi. Hlutverk þess var að hafa áhrif og hvetja fólk til þess að taka ákvarðanir um byggt umhverfi þess og að hvetja almenning til þess að krefjast betri hönnunar. Ráðið sameinaðist hönnunarráði Bretlands 2011.

Building for Life er bæklingur sem CABE gaf út, þar er að finna leiðarvísir um hvernig sé hægt sé að meta gæði hverfa. Hægt er að nota hann bæði á skipulagsstigi og til að meta nú þegar byggt umhverfi. Leiðarvísirinn er settur upp sem 20 spurningar sem endurspegla sýn samtakanna um að hönnun og skipulag eigi að vera aðlaðandi, hagnýtt og sjálbært.

BBB hópurinn reyndi að svara þessum spurningum til að meta gæði umhverfisins í Háaleiti og hvernig væri að nota svona gæðavísa til greiningar á skipulagi og umhverfi hér á landi.

Hægt er að skoða skjalasafn CABE á slóðinni:
www.cabe.org.uk



How to use this guide





THE BUILDING FOR LIFE QUESTIONS

ENVIRONMENT & COMMUNITY

1. Does the development provide (or is it close to) community facilities, such as a school, parks, play areas, shops, pubs or cafés?
2. Is there an accommodation mix that reflects the needs and aspirations of the local community?
3. Is there a tenure mix that reflects the needs of the local community?
4. Does the development have easy access to public transport?
5. Does the development have any features that reduce its environmental impact?

CHARACTER

6. Is the design specific to the scheme?
7. Does the scheme exploit existing buildings, landscape or topography?
8. Does the scheme feel like a place with distinctive character?
9. Do the buildings and layout make it easy to find your way around?
10. Are streets defined by a well-structured building layout?

STREETS, PARKING & PEDESTRIANISATION

11. Does the building layout take priority over the streets and car parking, so that the highways do not dominate?
12. Is the car parking well integrated and situated so it supports the street scene?
13. Are the streets pedestrian, cycle and vehicle friendly?
14. Does the scheme integrate with existing streets, paths and surrounding development?
15. Are public spaces and pedestrian routes overlooked and do they feel safe?

DESIGN & CONSTRUCTION

16. Is public space well designed and does it have suitable management arrangements in place?
17. Do the buildings exhibit architectural quality?
18. Do internal spaces and layout allow for adaptation, conversion or extension?
19. Has the scheme made use of advances in construction or technology that enhance its performance, quality and attractiveness?
20. Do buildings or spaces outperform statutory minima, such as building regulations?

This guide explains the 20 criteria used for the Building for Life standard. Developers can use the 20 questions that go with them as a basis for writing development briefs, helping them to speed up planning approvals and win local community support. Local authorities can use them to demand high standards of design. *Delivering great places to live* provides a valuable tool to assess design quality in new housing schemes. Anyone applying for the Building for Life standard should refer to this guide.

References: 2: *Living in Britain 2002* (Office for National Statistics, 2004), 4: *Transport statistics bulletin: National travel survey: 2006* (DfT, 2006), 8: *Urban design compendium 1* (English Partnerships and The Housing Corporation, 2000), 16: *Does money grow on trees?* (CABE Space, 2005), 17: *CABE and MORI research*, 2000, 18: *Getting value for money from construction projects through design: how auditors can help* (National Audit Office, 2004), 19: *Sustainable communities: building for the future* (ODPM, 2003), 20: *What homebuyers want* (CABE, 2005)

Building for Life is led by:

in association with the Housing Corporation, English Partnerships, Design for Homes and the Civic Trust.

www.buildingforlife.org

Umhverfi og samfélag

spurningar frá CABE

Spurningar 1-5 varða umhverfið og samfélagið í hverfinu. Hvernig er þjónustustigið, er gott aðgengi að verslunum, skólum og almenningssamgöngum? Er fjölbreytilegt íbúðaframboð og íbúasamsetning?

1. Er hverfið nálægt sameiginlegri þjónustu s.s. skólum, útivistarsvæðum, verslunum?



Umsagnir þátttakenda

- Skortir upp á nærþjónustu í íbúðarhverfi. Mætti bæta hverfisbrag með þéttari byggð og skapa grundvöll fyir fjölbreyttari þjónustu.
- Ekki of miklar fjarlægðir í leikskóla, skóla og íþróttasvæði. Smá kjarni með matvöru, bakarí og þ.h. fyrir íbúa.
- Skólar og mikil verslun er í hverfinu
- Stutt í margt, jafnvel eigin verslunarmiðstöð, Laugardalur nærri.
- Innan hverfis er grunnskóli, framhaldsskóli og lítill verslunarkjarni. Íþróttasvæði er innan hverfis. Útivistarsvæði, sundlaug og stærri verslunarkjarnar eru innan göngu- og hjólafjarlægðar.

2. Er íbúðaframboð og eignarhald á íbúðum í samræmi við þarfir og væntingar í hverfinu?





Umsagnir þátttakenda

- Virðist vera frekar tilviljanakennt, en þó húsnæði fyrir flesta tekjuhópa.
- Í hverfinu eru hátt hlutfall fjölbýlishúsa þar sem íbúðir eru á frekar vægu verði. Þar eru raðhúsaþyrpingar og fáein einbýlishús. Flestir ættu að geta fundið húsnæði í verðflokki sem hentar.

3. Er íbúasamsetning í samræmi við væntingar hverfissamfélagsins?





Umsagnir þátttakenda

- Íbúasamsetning er svipuð og á höfuðborgarsvæðinu. Aldraðir eru þó fleiri en á höfuðborgarsvæðinu, en búast má við því í hverfinu vegna aldurs byggðarinnar.
- Íbúasamsetning og íbúðaframboð virðist vera frekar fjölbreytt, 4 hæða blokkir, sérhæðir, raðhús og einbýlishús. Of mikið af einsleitum blokkum. Erfitt að segja til um væntingar, þar sem hverfið er saumað saman úr íbúa- og iðnaðarsvæði.

4. Nýtur hverfið almenningssamgangna?





Umsagnir þátttakenda

- Liggur ágætlega við þeim almenningssamgöngum sem boðið er upp á.
- Stórar strætóleiðir sitthvoru megin við hverfi og eitthvað í gegnum hverfið.
- Já.
- Hverfið er í góðum tengslum við strætó.
- Vel tengt við strætóleiðir

5. Eru úrræði í hverfinu sem minnka / vinna gegn umhverfisáhrifum þess?



Umsagnir þátttakenda

- Ekki eru úrræði sem vinna gegn umhverfisáhrifum þess. Götur eru breiðar, göturými beinlínis ljót og lítið hefur verið gróðursett til að styrkja illa afmörkuð göturými.
- Nei
- Lítill gróður, mikill yfirborðsflötur steyptur, allt of stórar götur m.v. samhengi og umhverfi.
- Trjám plantað meðal göngustígum, en engin heildstæð stefna eða framtíðarsýn fyrir hverfið. Hraðahindranir hægja á umferð í Safamýri.

Samantekt

Helsta nærþjónusta er í hverfinu eins og til dæmis skólar, matarvöruverslanir auk þess sem gott aðgengi er að almenningssamgöngum. Almennt er húsnæði ágætt, nokkur fjölbreytileiki í íbúðategundum og breytilegar íbúðastærðir. Meira mætti gera til að vinna gegn umhverfisáhrifum í hverfinu.

Yfirbragð

spurningar frá CABE

Spurningar 6-10 varða yfirbragð hverfisins. Hefur það einhver sérkenni, er hverfið heillegt og tekur skipulagið mið af landslagi og staðháttum? Er auðvelt að átta sig á og rata um hverfið? Hvernig eru göturými skilgreind?

6. Hefur hverfið heillega mynd? / Er hverfið heillegt?



Umsagnir þátttakenda

- Hverfið eru frekar sundurleitt. Innan hverfis eru litlar þyrpingar raðhúsa sem eru þokkalega heillegar. Fjölbýlishúsaþyrpingar líða vegna of mikils bils milli húsa og vöntunar á rýmismyndun og skjóli. Atvinnuhluti hverfisins er sundurleitur. Helsta einkenni alls hverfisins eru of breiðar götur.
- Hverfið er mjög sundurleitt, mismunandi íbúðartegundir eru ótengdar og afmarkaðar frá hvorum öðrum.
- Sundurleitt hverfi.
- Nei.
- Hverfið hefur mjög sundurlausan strúktúr, og geldur fyrir slakar tengingar á milli hverfishluta.

7. Tekur skipulagið mið af byggingararfi á staðnum, landslagi og staðháttum?



Umsagnir þátttakenda

- Hverfið líður fyrir að vera tilviljanakenndur bútasaumur. Lítill byggingararfur fyrir, kartöflugarðar og braggahverfi.
- Skipulag tekur ekki tillit til byggingararfs á staðnum, valtað var yfir fyrra skipulag og umhverfi. Byggð er ekki hluti af landslaginu.
- Fjölbýlishúsabyggð á Háaleiti tekur aðeins mið af hæð lands, útsýni og umhverfi. Húsin stallast svo flestir njóta stórbrotins útsýnis, en fyrir bragðið er þyrpingin of gisin. Annars tekur byggðin lítið mið af landi og ytri aðstæðum s.s. umferðaræðum.
- Enginn byggingararfur sýnilegur en landslag sem augljóslega hefur kallað á þetta borgarform sem Ármúli-Síðumúli hafa.

8. Hefur hverfið eigið sérkenni?



Umsagnir þátttakenda

- Helsta sérkenni er sundurleysi.
- Helsta séreinkennið er hvursu sundurlaust og samhengislaust umhverfið er. Mikið af óskilgreindum rýmum.
- Mikið af stórum og ljótum húsum í svipuðum stíl.
- Helsta einkennið eru breið og ljót göturými. Byggðin ber með sér svipmót sem sýnir að hverfið er að mestu leyti byggt á stuttu tímabili þar sem hús voru frekar stílhrein.
- Nei, sundurlaust og margar hugmyndir í gangi.

9. Er auðvelt ad rata um hverfið?



Umsagnir þátttakenda

- Hverfið er einfalt, alls staðar eru góð yfirsýn vegna stórra göturýma. Auðvelt er að rata um hverfið, en það gefur ekki spennandi upplifun að ferðast um umferðarrými hverfisins.
- Hverfið er með stór opin göturými sem gerir það auðveldara að rata um, hinsvegar vantar séreinkenni og kennileiti til að geta staðsett sig í umhverfinu.
- Hverfið er það sundurlaust og illa tengt að frekar erfitt er að rata.
- Rötun er ekki vandamáli, en það er ekki skipulagi að þakka heldur auðveldari yfirsýn vegna gróðurleysis.

10. Eru eru göturýmin vel skilgreind með byggingum eða gróðri?



Umsagnir þátttakenda

- Lítill gróður í almenningsrýmum þar til kemur að göngustíg sunnan við Síðumúla.
- Göturýmin eru yfirleitt illa skilgreind með byggingum, og gróðri. Mikið ósamræmi í stefnu húsa og gatna. Hér má á köflum finna sundurleitustu svæði Reykjavíkur.
- Nei, gisið og tætingslegt.
- Göturými eru illa skilgreind, hvorki styrkt með gróðri né byggingum. Eina undantekningin eru aðkomugötur í raðhúsaþyrpingum þar sem hús og gróður umfaðma göturýmin.
- Göturými eru mjög illa skilgreind. Stór göturými, stakstæðar blokkir sem mynda lítil tengsl á milli sín, lítið um gróður. Einstaka áhugarverðir staðir og skilgreind rými inn á milli.
- Göturýmin eru vel skilgreind með bílastæðum.

Samantekt

Hverfið þykir ekki heillegt í uppbyggingu, helsta séreinkennið er sundurlaus uppbygging og víð göturými. Gróður og þéttari byggð þykir vanta til að skilgreina göturými betur.

Götur, bílastæði og gangandi umferð

spurningar frá CABE

Spurningar 11-15 varða götur, bílastæði og gangandi umferð í hverfinu. Er billinn eða gangandi og hjólandi vegfarendur í forgangi? Eru byggingar í forgunni og hvernig eru bílastæði fléttuð inn í byggðina? Hvernig er hverfið tengt innbyrðis og út á við? Er góð yfirsýn yfir hverfið og er það öruggt?

11. Eru byggingar í forgrunni þannig að bílaumferð yfirgnæfi ekki?



Umsagnir þátttakenda

- Helsta einkenni svæðisins eru óþægilega breiðar götur, götur við hlið gatna (Háaleitisbraut), bílastæðaflæmi við göturnar og langt í næstu hús.
- Sjaldnast.
- Stórar götur klippa hverfið í sundur og gerir það sundurleitt. Göturnar eru of stórar m.v. starfsemi og umhverfi.
- Nei, billinn ræður víðast hvar.

12. Eru bílastæði fléttuð inn í byggðina svo þau styðji götumyndir?



Umsagnir þátttakenda

- Bílastæði yfirgnæfa, sérstaklega í iðnaðar- og verslunarhluta hverfisins. Þau eru einnig mjög áberandi við fjölbýlihús í hverfinu en betur fléttuð inn við smærri húsin.
- Nei, brjóta niður hér sem annars staðar.
- Bílastæðaflæmi oft ráðandi í götumyndum. Frágangur er yfirleitt óaðlandi.
- Bílastæðin eru yfirþyrmandi og í forgrunni við fjölbýlishús og á atvinnusvæðum. Eina undantekningin eru raðhús og einbýlishús, þar sem þau fléttast víða inn á milli gróinna framlóða.

13. Eru göturnar vingjarnlegar gangandi, hjólandi og akandi? / Hvetja göturnar til fjölbreyttra ferðamáta?



Umsagnir þátttakenda

- Betra sunnan Háleitisbrautar. Ármúlasvæðið fær falleinkun í hvatningu til fjölbreyttari ferðamáta.
- Götur eru almennt fráhrindandi fyrir gangandi og hjólandi. Þær eru hannaðar fyrir allt of hraðan akstur miðað við húsagötur í íbúðarhverfi. Mikið eru um hraðahindranir til að leitast við að gera umhverfið öruggara/bærilegra.
- Iðnaðar og verslunarhlutinn er mjög erfiður fótgangandi og hjólandi. Ágætir stígar eru inn á milli í íbúðarhlutanum, margir eru þó óskilgreindir og leiða ekki neitt.
- Nei, en þó göngustígar og gangstéttir.

14. Er hverfið vel og eðlilega tengt innbyrðis og út á við með götum, stígum og byggð?



Umsagnir þátttakenda

- Hverfið er umferðarlega í mjög ýktum tengslum innbyrðis og við umhverfið með götum og stígum. Götur eru almennt í yfirstærð, gætu annað milljónaborg og eru flestar óþægilega breiðar.
- Hverfið er lokað af á alla vegu af stórum umferðagötum með miklum bílafjölda og hraðri umferð. Stígar innan hverfis eru ekki sérlega vel skilgreindir né spennandi.
- Vel tengt fyrir bíla en verr fyrir aðra.
- Hverfishlutar eru ómarkvisst tengdir innbyrðis. Mikið er um einskinsmannslönd eða illa skilgreind afgangssvæði sem erfitt er að sjá hvaða tilgangi gegna.
- Umferðarkerfi bílsins ræður og er fullmikið tengt í gegnum hverfið, t.d. Háaleitisbraut.

15. Er góð yfirsýn yfir almenningsrými og gönguleiðir og virðast þau örugg?



Umsagnir þátttakenda

- Spurning 15 misfórst í undirbúningsgögnum og spurningalistum og vantar því samantekt á henni.

Samantekt

Billinn er í flestum tilfellum í forgangi yfir aðra vegfarendur, göturými eru stór og mikið um stór bílastæði utan við byggingar og íbúðarhús. Hverfið er vel tengt inn í umferðarnet borgarinnar en erfitt er fyrir gangandi og hjólandi að komast yfir stórar umferðargötur. Göngubrú er yfir Miklubraut sem tengir Kringluna og hverfið þar í kring við Háaleitið.

Hönnun og uppbygging

spurningar frá CABE

Spurningar 16-20 varða hönnun og uppbyggingu hverfisins. Eru almenningsrými og byggingar vel hannaðar og af góðum gæðum? Eru skilgreindir umsjónaraðilar sem sjá um umsjón og viðhald þeirra? Er hægt að aðlaga og breyta innra skipulagi og koma við nýjungum til að auka gæði hverfisins?

16. Eru almenningsrýmin vel hönnuð og umsjón þeirra skilgreind?



Umsagnir þátttakenda

- Almenningsrými þyrftu að vera betur skilgreind með markvissari tenginu við byggð. Almenningsrými virka eins og afgangsrými.
- Íþróttasvæði eru helsta útivistarsvæði í hverfinu. Það er illa skilgreint og óvarið gagnvart umferðaræðum. Skólalóð grunnskóla er afleit nema vesturendi. Lóð framhaldsskóla er bílastæðaflæmi. Stígur milli Háleitis og Múla, fínir tilburðir, en á handahófskenndan hátt.
- Lítið er um skilgreind almenningsrými. Stór opin græn svæði eru við hverjar blokkir sem eru í eign þeirra. Stígar eru á milli sem leiða ekki neitt.
- Nei, svo er alls ekki ljóst hvort þau eru hönnuð yfirleitt, eða urðu bara eftir.

17. Er byggingarlist af góðum gæðum?



Umsagnir þátttakenda

- Nokkuð er af vel hönnuðum húsum. Mikið af einsleitum blokkum. Byggðamynstur með nokkrum undantekningum sundurlaust og órólegt, t.d. Háaleitisbraut.
- Byggðin ber með sér svipmót sem sýnir að hverfið er að mestu leyti byggt á stuttu tímabili þar sem hús voru frekar stílhrein. Fáeinar gersemar leynast innan hverfis, ein blokk og fáein einbýlishús og raðhús.
- Byggingarlist er af ágætum gæðum, íbúðarhús fremur látlaus og stílhrein. Skrifstofuhús við Múlana eru sundulausari og af misjöfnum gæðum.

18. Er möguleiki á aðlögun, breytingu eða stækkun á innra rými og skipulagi?





Umsagnir þátttakenda

- Það er mögulegt að þétta byggð verulega og nýta nýbyggingar til að skilgreina göturými, gera garða skjólbetri og gefa þeim þægilegri rýmistilfinningu og skerma þá frá umferðaræðum. Þetta gæti gefið fjármagn til að laga hús og garða.
- Hægt að skilgreina göturými betur með byggð og gróðri, þrengja götur, fækka bílastæðum og flétta betur inn í götumynd. Einnig má hugsa sér að bæta gæði t.d. fjölbýlishúsa með því að koma fyrir lyftum. Byggja meðfram stofnbrautum, Miklubraut og Kringlumýrabraut, til að bæta hljóðvist.
- Fullt af rými til uppbyggingar
- Já, ef það tekst að losna við bílinn að einhverju leyti.

19. Er möguleiki að koma við nýjungum í byggingartækni til að auka gæði hverfisins?



Umsagnir þátttakenda

- Auðvelt að byggja meðfram hávaðasömum götum, en ná samt góðri hljóðvist í vistarverum.
- Unnt er að bæta gæði fjölbýlishúsa, t.d. koma fyrir lyftum, endurnýja íbúðir, bæta einangrun og setja hljóðdempandi gler í íbúðir nærri umferðaræðum.

20. Ganga hönnunarlausnir bygginga eða rýma lengra en lágmarkskröfur, s.s. í byggingarreglugerð?



Umsagnir þátttakenda

- Að einhverju leyti, bílastæðalöggjöf, fjarlægð húsa að götu, helgunarsvæði vegagerðar.
- Nei held ekki.
- Núverandi húsakostur er víða óþægilegur varðandi hljóðvist. Almennt er byggð á svæðinu frá tímabili þar sem einangrun var frekar slök. Svalir og útirými við hús eru víða ónothæf vegna hávaðamengunar.

Samantekt

Íbúðarbyggð er látlaus og stílhrein með nokkrum perlum inn á milli. Skrifstofu- og þjónustuhúsnæði í Múlunum og við Suðurlandsbraut er sundurlausara og af misjöfnum gæðum. Miklir möguleikar og tækifæri eru til endurnýjunar og uppbyggingar í hverfinu. Meðal annars er hægt að byggja að umferðagötum til að skilgreina götu- og einkarými betur, einnig er hægt er að aðlaga og breyta eldra húsnæði til að auka lífsgæði íbúa. Bæta mætti almenningsrými, skilgreina þau betur og auka þjónustu við þau.

Rýni á aðferðafræði

Um gæðaflokka

Notað var flokkakerfi úr bókinni ***Sansernes hospital***, þar sem skilgreindir voru fimm flokkar auk sértækra lýsingarorða til aðgreiningar á flokkum.

Gagnrýni kom á skalann sjálfann, betra þætti að hafa hreinan töluskala þ.e. engar túlkanir við einkunn, s.s. „Háleitt“... „Hættulegt“ þar sem túlkunin getur verið gildishlaðin og hugtökin eiga ekki endilega við í öllum tilvikum.

Erfitt getur einnig verið að gera samanburð með svona skala þar sem mat og rýmisupplifun er mjög huglæg. Einnig er spurning hvort betra sé að nota skala frá 1-4 þannig að ekki sé hægt að velja meðaleinkunn.

Um framkvæmd gönguferðar

Fyrir vettvangskönnunina hefði þurft að afmarka betur hvað var væri verið að skoða og greina til að fá skýrari niðurstöður. Það hefði verið hægt með því að skipta rannsóknarefnum niður í einstök málefni eins og t.d.:

Göngu- og hjólastígar
Aðgengi að þjónustu
Gróður, skjólmyndun, umhverfi
Göturými
Almenningsrými og notkun þeirra
Bílanotkun
o.s.frv.

Hugsanlega þyrfti einnig að fara oftar en einu sinni í vettvangskönnun, á mismunandi tímum dags, í mismunandi veðráttu og á mismunandi árstímum, til að fá samanburð á því hvernig rýmin, umhverfið og notkun breytist í samræmi við utanaðkomandi aðstæður.

Mikilvægt er að heyra í íbúum hverfisins og hverjar þeirra skoðanir eru. Hverjar eru væntingar hverfasamfélagsins?

Um CABE spurningar

Spurningarnar frá CABE þóttu margar áhugaverðar. Þær þyrfti hingsvegar að aðlaga og breyta svo að þær eigi betur við hverfi sem búið er að byggja auk þess sem það vantar staðbundnari spurningar sem eiga við aðstæður hér eins og t.d. spurningar sem tengjast:

Dagsbirtu, munur á vetri og sumri
Veðurfar
Útsýni til fjalla...
o.s.frv.

Hvað næst...

Gaman væri að taka fyrir fleiri ólík hverfi til að geta gert samanburð á uppbyggingu þeirra og leita að þeim þáttum sem teljast vera gæði í borgarumhverfi og hvernig skipulag getur hvatt fólk til sjálbærari lifnaðarhátta.

Sansernes Hospital. (2007) Ritstjóri Lars Heslet og Kim Dirckinck-Holmfeld. Danmörk, Arkitektens Forlag. Bls. 263.

Fjölbýli við Háaleitisbraut